

## 1088. stjórnarfundur VR

**Haldinn fimmtudaginn 7. febrúar 2013, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð**

Mætt:

Stefán Einar Stefánsson, Eyrún Ingadóttir, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð. Gestur fundarins var Elín Valgerður Margrétardóttir frá Capacent

Dagskrá:

### 1. Starfsmannakönnun

Helga kynnti aðdraganda könnunarinnar sem var m.a. vegna skipulagsbreytinga ofl. en nú er komið um ár frá því að þær breytingar voru gerðar. Með endurkomu starfsmannastjórnans til vinnu eftir barnsburð var ákveðið að fara í almenna vinnustaðargreiningu til að sjá hvað vel hefur farið og hvað þurfi að bæta. Elín Valgerður Margrétardóttir frá Capacent sem var gestur fundarins fór yfir niðurstöður á skjámyndum. Niðurstaðan var afskaplega góð og skýrði Elín Valgerður frá því helsta og svaraði fyrirspurnum.

Umræður.

Elín Valgerður vék svo af fundi kl. 18:45

### 2. Samþykkt fundargerða (1083, 1084, 1085, 1086 og 1087)

Fundargerðir síðustu fimm funda samþykktar og undirritaðar.

### 3. Verðlagseftirlit ASÍ

Stefán Einar sagði frá átaki ASÍ í verðlagsmálum fyrir árið 2013 og dreifði skjalinu “Minnisblað – um átak í verðlagsmálum 2013 – Vertu á verði – láttu vita” dags. 06.02 2013. Sagði hann tíðinda að vænta í næstu viku.

Umræður.

### 4. Kjarasamningur 1. desember 2013

Ákveðið var að fresta þessum dagskrárlið til næsta fundar.

### 5. Rekstur í Miðhúsum

Stefán Einar sagði frá starfsmannahaldi við umsjón orlofsbyggðarinnar í Miðhúsaskógi.

### 6. Jafnlaunavottun VR hleypt af stokkunum

Stefán Einar fór yfir atburðarásina síðustu daga. Leiðari Fréttablaðsins um málið var afbragðs gott innlegg og hefur auglýsingum okkar verið mjög vel tekið og við fengið hrós fyrir. 2-3 fyrirtæki brugðust strax við í dag til viðbótar þeim 7 sem þegar eru komin. Eru þetta allt öflug fyrirtæki sem njóta virðingar.

Umræður.

## 7. Möguleg kaup á orlofs/sjúkraíbúð í Reykjavík

Stefán Einar fór yfir málið en okkur býðst nú til kaups íbúð í Sóltúni við hlið núverandi íbúðar okkar. Með slíkum kaupum gætum við leiðrétt ákveðna mismunun gagnvart félögum á höfuðborgarsvæðinu – önnur íbúðin yrði þá aðeins notuð sem sjúkraíbúð en hin væri opin fyrir alla. Íbúðin er um 64,3 fermetrar að stærð en búast má við að þurfi að kosta til 2-3 milljónum kr. í að laga það helsta, t.d. skipta um gólfefni og gera útipall. Íbúðin kostar um 23 milljónir kr. en við höfum gert tilboð með fyrirvara um samþykki stjórnar, uppá 21 milljón kr. sem hefur verið samþykkt. Við munum samt halda áfram með herbergið á Hótel Natura en það verður áfram notað sem sjúkraíbúð.

Samþykkt að fara í þessi kaup og undirritað umboð.

## 8. Styrkbeiðnir

### a. Landsspítali

Tekin fyrir umsókn frá Landsspítalanum sem óskar eftir styrk vegna kaupa á aðgerðarþjarka. Stefán Einar leggur til að erindinu verði beint til framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs á þann veg að þetta sérstaka verkefni verði ekki styrkt heldur verði menn frekar vakandi fyrir því ef almenn söfnun er gerð vegna tækjakaupa á spítalann. Samþykkt að vísa erindinu frá.

### b. Neytendasamtökin

Tekin fyrir umsókn um styrk frá Neytendasamtökunum en við höfum styrkt samtökin reglulega.

Umræður.

Samþykkt að veita styrk að upphæð 200 þús. kr. –  
Ingibjörg Ósk, sem situr í stjórn NS sat hjá við afgreiðslu þessa máls.

## 9. Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn

Gunnar Júlíus Gunnarsson	Eimskip Íslands ehf (e)
Rúnar Geir Garðarsson	ILVA (n)
Unnur Kristín Ragnarsdóttir	Fjárvakur (n)
Ólafur Örn Jónsson	Fjárvakur (n)
Björg Jóna Sveinsdóttir	Motus (n)
Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir	Nordic Vistor ehf (n)
Aðalsteinn Jóhannsson	Tryggingamiðstöðin (e)
Svanhildur Benjamínsdóttir	Tryggingamiðstöðin (e)